

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1437/2000**2002/EES/23/18**

frá 30. júní 2000

um breytingu á C-hluta VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 25. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1073/2000⁽²⁾, einkum 8. mgr. 5. gr. og 13. gr.,með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 frá 29. janúar 1993 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd⁽³⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 345/97⁽⁴⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er kveðið á um að einungis sé heimilt að bæta innihaldsefnum úr landbúnaði við í C-hluta VI. viðauka hafi verið sýnt fram á að þau séu úr landbúnaði og ekki framleidd í nægilegu magni í bandalaginu í samræmi við reglurnar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., eða að ekki sé unnt að flytja þau inn frá þriðju löndum í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr.
- 2) Nokkur aðildarríki hafa tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93, að þau hafi heimilað notkun tiltekinna innihaldsefna úr landbúnaði sem eru ekki, eins og sakir standa, tilgreind í C-hluta

VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Í ljós hefur komið að eftirtaldar afurðir eru, eins og sakir standa, ekki fánlegar úr lífrænni framleiðslu: múskat, tilteknar tegundir og blöndur pipars, blóm litunarþistils, blöndur tiltekinna ætra plantna sem litar- og bragðefnum hefur verið bætt í, reyktur kóriandri og kirsuberjalíkjör. Því ber að bæta þessum afurðum í C-hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

- 3) Nauðsynlegt er að grípa til þessara ráðstafana án tafar þar eð ekki er lengur unnt, að því er tilteknar afurðir varðar, að framlengja innlend leyfi í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93.
- 4) Til glöggvunar er rétt að fastsetja á ný allan texta C-hluta VI. viðauka.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa reglugerð kemur í stað C-hluta VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 119, 20.5.2000, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 25, 2.2.1993, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 58, 27.2.1997, bls. 38.

VIÐAUKI

„C-HLUTI — INNIHALDSEFNI ÚR LANDBÚNAÐI SEM ERU EKKI FRAMLEIDD MEÐ LÍFRÆNNI AÐFERÐ OG UM GETUR Í 4. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EBE) NR. 2092/91

C.1. Óunnar afurðir úr jurtaríkinu og afurðir fengnar úr þeim með vinnsluaðferðum sem um getur í skilgreiningu í a-lið 2. mgr. í inngangi þessa viðauka:

C.1.1. Ætir ávextir, hnetur og fræ:

Indíukirsiber (<i>acerola</i>)	<i>Malpighia puniceifolia</i>
Akörn	<i>Quercus spp.</i>
Kasúhnetur	<i>Anacardium occidentale</i>
Kólahnetur	<i>Cola acuminata</i>
Geitasmári (grikkjasmári)	<i>Trigonella foenum-graecum</i>
Stíkilsber	<i>Ribes uva-crispa</i>
Píslaraldin	<i>Passiflora edulis</i>
Papæjualdin	<i>Carica papaya</i>
Furuhnetur	<i>Pinus pinea</i>
Hindber (þurrukuð)	<i>Rubus idaeus</i>
Rífsber (þurrukuð)	<i>Ribes rubrum</i>

C.1.2. Ætt krydd og kryddjurtir:

Allrahanda	<i>Pimenta dioica</i>
Kardimomma	<i>Fructus cardamomi (minoris) (malabariensis)</i> <i>Elettaria cardamomum</i>
Kanill	<i>Cinnamomum zeylanicum</i>
Negull	<i>Syzygium aromaticum</i>
Engifer	<i>Zingiber officinale</i>
Múskat	<i>Myristica fragrans</i> , eingöngu fram til 31. 12. 2000
Grænn pipar	<i>Piper nigrum</i> , eingöngu fram til 30. 4. 2001
Rósapipar (frá Perú)	<i>Schinus molle</i> L.
Piparrótarfræ	<i>Armoracia rusticana</i>
Dverggalangal	<i>Alpinia officinarum</i>
Blóm litunarþistils	<i>Cartamus tinctorius</i>
Brunnperla	<i>Nasturtium officinale</i>

C.1.3. Ýmislegt:

Þörungar, þar með talið þang og þari, heimilaðir í hefðbundinni framleiðslu matvæla

C.2. Afurðir úr jurtaríkinu, unnar með aðferðum sem um getur í skilgreiningu í b-lið 2. mgr. í inngangi þessa viðauka:

C.2.1. Fituefni og olíur, hreinsaðar eða óhreinsaðar, en ekki efnafræðilega umbreyttar, úr öðrum plöntum en:

Kakótré	<i>Theobroma cacao</i>
Kókospálma	<i>Cocos nucifera</i>
Ólífutré	<i>Olea europaea</i>
Sólffíli	<i>Helianthus annuus</i>

C.2.2. Eftirtaldir sykrur, sterkjuafurðir og aðrar afurðir úr korni og hnýðum:

Rófusykur, eingöngu fram til 1. 4. 2003

Frúktósi

Hríspappír

Þunnt ósýrt brauð

Sterkja úr hrísgrjónum og amýlópektínríkum máis (vaxmáis) sem hefur ekki verið efnafræðilega umbreytt

C.2.3. Ýmislegt:

Karrí úr:

— kóriandra

Coriandrum sativum

— sinnepi

Sinapis alba

— fenniku

Foeniculum vulgare

— engifer

Zingiber officinale

Reyktur kóriandri

Coriandrum sativum, eingöngu fram til 31. 12. 2000

Ertupróttín

Pisum spp.

Romm: eingöngu bruggað úr sykurreyrssafa

Kirsuberjalíkjör, að stofni til úr ávöxtum og bragðefnum sem um getur í hluta A.2 í þessum viðauka.

Blöndur plantna sem eru heimilaðar í hefðbundinni framleiðslu matvæla og ljá sælgæti lit og bragð, notist eingöngu við framleiðslu á „bangsahlaupi“ („Gummi Bärchen“), eingöngu fram til 30. 9. 2000

Blöndur eftirtalinna pipartegunda: *Piper nigrum*, *Schinus molle* og *Schinus terebinthifolium*, eingöngu fram til 31. 12. 2000

C.3. Dýraafurðir:

Vatnalífverur, aðrar en eldislífverur, heimilaðar í hefðbundinni framleiðslu matvæla

Áfaduft

Gelatín

Hunang

Laktósi

Mysuduft „*herasuola*“:
